

Fundargerð aðalfundar BsVest 2016

Miðvikudaginn 4. maí 2016, var ársfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Á fundinn voru mætt Finnur Ólafsson Kaldrananeshreppi, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og Karl Kristjánsson Reykhólahreppi, Ásthildur Sturludóttir, Ása Dóra Finnbogadóttir, Arnheiður Jónsdóttir og Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð, Indriði Indriðason og Eva Dögg Jóhannesdóttir Tálknafjarðarhreppi, Ingibjörg Emilsdóttir og Andrea Kr. Jónsdóttir Strandabyggð, Guðrún Stella Gissurardóttir, Margrét Jómundsdóttir og Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir Bolungarvíkurkaupstað, Gísli Halldór Halldórsson, Martha Kristín Pálmadóttir og Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ og Pétur Markan Súðavíkurhreppi. Einnig sátu fundinn Sif Huld Albertsdóttir sviðstjóri BsVest og Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri. Kjörbréfum var skilað fyrir öll atkvæði þessara sveitarfélaga, en enginn var mættur fyrir hönd Árneshrepps.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri BsVest, setti fundinn kl. 10:30 og bauð fundargesti velkomna. Færði hann fundarmönnum kveðju frá Elíasi Jónatanssyni formanni BsVest sem er fjarverandi. Bar hann síðan upp tillögu að fundarstjórum Örnú Láru Jónsdóttur bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ sem fundarstjóra og Guðrúnu Stellu Gissurardóttir bæjarfulltrúa í Bolungarvíkurkaupstað til vara. Einnig gerði hann tillögu um að fundarritarar væru Lína Björg Tryggvadóttir og Jón Jónsson starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Voru þessar tillögur samþykktar með lófataki.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins, þakkaði traustið, bauð gesti og þingfulltrúa velkomna og fór stuttlega yfir dagskrá þingsins. Sú breyting var gerð á dagskrá að 5. dagskrárlíð, kosningu stjórnar, var frestað fram yfir Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið verður síðar í dag.

Svohljóðandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs.
2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.
4. Starfsáætlun komandi árs.
5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykta.
6. Laun og þóknun stjórnar
7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis.
8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara.
9. Önnur mál.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Ársskýrsla BsVest um starfsemi liðins árs

Fundarstjóri gaf nú Sif Huld Albertsdóttur sviðstjóra orðið og gerði hún grein fyrir starfinu síðastliðið ár, stöðu mála og verkefnum framundan. Skipulagsbreytingar voru gerðar á aukapingi á Hólmavík 4. nóvember 2015 og var þá jafnframt kosin ný stjórn sem hélt einn fund á árinu 2015. Verkefnahópur félagsmálastjóra fjögurra félagsþjónustusvæða á Vestfjörðum hefur samkvæmt erindisbréfi frá stjórn með höndum faglegra stjórnun málaflokksins. Alls voru haldnir 9 fundir hjá verkefnahópi árið 2015.

Fjárhagsstaða BsVest er erfið, munur er á kostnaði við málaflokkinn og framlögum frá ríkisvaldinu. Jöfnunarsjóður hefur lokað árinu 2014 og skuld BsVest við sjóðinn vegna ofgreiddra framlaga er 29,1 milljón. Á árinu 2015 hefur mikil vinna snúist um að krefja ríkisvaldið um leiðréttingar og aukin framlög. Meðal aðgerða var að óska eftir viðræðum við Velferðarráðuneytið um að ríkið taki aftur við málaflöknum á Vestfjörðum. Jöfnunarsjóður fékk utanaðkomandi aðila til að taka út starf BsVest og fleiri þjónustusvæða á landinu. Skýrsla barst 12. júlí, komu þar nokkrar ábendingar um hagræðingu, en samkvæmt henni er ekkert sem bendir til að aðildarsveitarfélög BsVest séu að veita of mikla þjónustu til einstaklinga. Biðstaða var um fjármál meira og minna allt árið 2015, beðið eftir svörum frá Jöfnunarsjóði og ráðuneyti, en lausn er enn ekki í sjónmáli. Stjórn fékk R3 til að rýna nánar í rekstur málaflokksins og fékk skýrslu í janúar 2016. Aukaframlög sveitarfélaga til BsVest vegna mismunar á framlögum Jöfnunarsjóðs og samþykktri fjárhagsáætlun BsVest nam tæpri 71,5 millj.

Að öðru leyti vísast til Ársskýrslu Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks 2015 á vef Byggðasamlagsins á slóðinni www.vestfiridir.is.

Arna Lára fundarstjóri gaf nú orðið laust um skýrsluna. **Friðbjörg Matthíasdóttir** tók til máls og ræddi skipulagsbreytingar sem gerðar voru sl. haust og taldi þær jákvæðar. Griðarmikil vinna hefði farið fram til að reyna að brúa bilið milli framlaga ríkisins og raunkostnaðar við málaflokkinn. Sú vinna standi enn yfir og greina þurfi kostnaðarliði enn betur. Guðrún Stella tók nú við fundarstjóra og gaf **Örnu Láru** orðið sem beindi tveimur spurningum til stjórnar. Hún spurði hvort stjórn hefði gefist upp gagnvart ríkinu og ætlaði að einbeita sér að því að spara innan svæðis í stað þess að sækja aukin framlög og leiðréttingar eða hvort baráttan fyrir auknum framlögum héldi áfram. Eins gagnrýndi hún tillögur í skýrslu R3 sem snéru að því að sameina búsetukosti, því margir þjónustuþegar búi í eigin íbúðum og fatlaðir eigi lögum samkvæmt að fá að velja búsetu á eigin forsendum. **Indriði Indriðason** fékk næstur orðið og ræddi verkferla og verkefni stjórnar. Hann lagði áherslu á öfluga vinnu við gerð fjárhagsáætlana. Mikilvægt væri að sækja aukið fjármagn til ríkis, en auðvitað ætti einnig að horfa inn á við, hagræða og miða reksturinn við lögbundin verkefni. Indriði benti á að tapið og aukaframlög leggist þungt á sveitarfélögin og samkvæmt lögfræðialiti sem hann hafði aflað geti stjórn byggðasamlagsins ekki skuldbundið sveitarfélögin umfram fjárhagsáætlanir. Breyta þurfi aðferðinni við deila hallanum milli sveitarfélaga og ótækt sé að senda einfaldlega út reikninga fyrir aukaframlögum og reikna á þá vexti ef ekki sé greitt á

eindaga. Betra sé að skuld myndist hjá BsVest við sveitarfélögin en að þau leggi til fjármagn umfram áætlanir, það nýtist betur í baráttu gagnvart ríkinu. Ótækt sé hvað niðurstaða Jöfnunarsjóðs um framlög komi seint fram.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir tók næst til máls og ræddi skýrslu frá R3. Hún vildi halda áfram vinnu með fyrirtækinu til að greina kostnaðarliði betur. Hún tók undir með Indriða um breytta aðferð við innheimtu umframkostnaðar. **Gísli Halldór Halldórsson** tók næst til máls og ræddi skýrslu R3 og sagði að margt sem þar væri gagnrýnt væri arfur frá fyrirkomulagi sem var við lýði þegar ríkið sá um málaflokkinn. Ísafjarðarbær hefði ráðist í aðgerðir til að ná 6% sparnaði í málaflokknum 2015 og aftur nú 2016. Þannig næðist að skera niður kostnað upp á 100 millj. með hagræðingu um 12 millj. R3 hefði bent á að sameina þurfi vaktir, en búsetan hindri það og þar þurfi samþykki einstaklinganna sem eiga sín heimili. Gísli sagði að stjórnvöld á landsvísu hafi látið Ísafjarðarbæ gjalda þess að þar sé vinstri meirihluti síðan 2014 og vonaðist hann að það bitnaði ekki á fjórðungnum í heild og þessum málaflokki. Hann sagði afstöðu Jöfnunarsjóðs óskiljanlega, viðbótarframlag að upphæð 50-60 millj. þurfi frá ríki. Hann tók undir með Indriða um að skilja eigi hallann eftir hjá BsVest og að þar myndist skuld við sveitarfélögin vegna viðbótarframlaga þeirra umfram fjárhagsáætlun. Hann sagði að stjórn BsVest vilji fá R3 í samstarf um að gera fjárhagsáætlun eða fjárhagsramma. Slíkt auki traust milli sveitarfélaganna. Hann benti loks á að vissulega þurfi að gera betur í hagræðingu, en hitt væri líka augljóst að þó menn gerðu sitt allra besta, vanti samt tugi milljóna upp á framlög frá ríkinu. **Friðbjörg Matthíasdóttir** tók næst til máls og sagði að áfram þyrfti að leggja áherslu á að komast áleiðis með aukin framlög ríkisins og fá þessa stöðu leiðrétt. Rekstrarhagræðing væri þó mikilvæg jafnhliða. Hún taldi að ekki væri innistæða fyrir þeirri upplifun Gísla að stjórnvöld stunduðu refsistefnu gagnvart vinstri meirihluta í Ísafjarðarbæ sem bitni á fjórðungnum. Jöfnunarsjóður fari fram á meiri vinnu og skýringar og greiningu og það sé í raun eðlilegt og unnið að því með R3. Hún benti á að Byggðasamlaginu sé ekki heimilt að taka lán eða yfirdrátt. Finna verði löglegar leiðir til að sveitarfélögin taki á sig umframkeyrslu í málaflokknum, með aukapungum og aðalfundum. **Indriði Indriðason** tók næstur til máls og tók fram að hann teldi ekki að taka ætti lán hjá öðrum en sveitarfélögum, þetta ætti einfaldlega að koma fram í ársreikningi. Framlög sveitarfélaga umfram áætlun verði þar skráð sem skuld byggðasamlagsins við þau. Hann ítrekaði að þegar gerð væri krafa á ríkið um frekari framlög, þyrfti byggðasamlagið líka að vera með allt á hreinu og sýna fram á að brugðist hefði verið við ábendingum um hagræðingu. Þar á meðal væri rekstur Vesturafis sem hann sagði að ætti ekki að vera hluti af starfsemi BsVest, það væri ljóst í samþykktum byggðasamlagsins.

Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri tók næstur til máls. Hann sagði að engin uppgjöf væri gagnvart ríkinu og krafan um aukin framlög væri óbreytt. Varðandi árið 2015 höfðu verið vonir um leiðréttingu og áfram verði krafist svara og viðunandi niðurstöðu. Hann tók undir að líklega væri rétta aðferðin sú sem Indriði leggur til, að í ársreikningi sjáist skuld við sveitarfélögin. **Arna Lára Jónsdóttir** tók til máls um Vesturafli og sagði að þar færi fram mikilvæg þjónusta við geðfatlaða sem hefði fylgt með yfirfærslunni frá ríkinu á sínum tíma og þetta var þjónusta sem ríkið hafi stofnað til. Funda þurfi um það mál sérstaklega með viðkomandi sveitarfélögum á norðanverðum Vestfjörðum, því mikilvægt sé að tryggja

starfsemi og fjármögnun Vesturafls. Hún taldi kostnað umfram önnur svæði liggja í búsetunni sem byggist m.a. á fámenni og dreifðri byggð og að fatlaðir byggju í eigin húsnæði, fremur en launakostnaði, og hún sé ekki viss um að skýrsluhöfundar hjá R3 hefðu áttað sig nægilega vel á þeirri undirliggjandi ástæðu og að verið væri að fylgja lögum. Arna Lára tók undir með Gísla varðandi refsistefnu ríkisvaldsins gagnvart vinstri meirihlutanum í Ísafjarðarbæ, en sagðist vona eins og Gísli að það bitnaði ekki á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga á Vestfjörðum öllum. **Sif Huld Albertsdóttir** tók næst til máls og ræddi um Vesturafll og benti á að samtökin hefðu sent erindi til sveitarfélögganna á norðanverðum Vestfjörðum 6. nóvember sl. með beiðni um að þau tæki við rekstrinum. **Friðbjörg Matthíasdóttir** ræddi Vesturafll og benti á að tillaga væri frá stjórn í fjárhagsáætlun sem beinir til þessara þriggja sveitarfélaga að taka við rekstrinum, enda væri þetta ekki lögbundið verkefni sem tilheyrði BsVest. Á aukapingi sl. haust hafi verið kosið um málið og samþykkt að Vesturafll væri inni í fjárhagsáætlun 2016. Vilji stjórnar væri að taka framlagið út sem fastan kostnað á BsVest og að viðkomandi sveitarfélög tækju við í síðasta lagi um næstu áramót og tillaga væri um það. **Indriði Indriðason** tók til máls. Hann efast ekki um að Vesturafll sé frábært verkefni, en það eigi ekki heima innan ramma BsVest, það sé beinlínis brot á samþykktum byggðasamlagsins og framlög til þess eigi ekki heima á fjárhagsáætlun 2016. Varðandi skýrsluna frá R3 segir Indriði að þar sé bent á hluti sem þurfi raunverulega að taka á, skýrslan sé vönduð og fara eigi eftir henni og sýna stjórnvöldum fram á að það hafi verið gert. Samt muni vanta fjármagn í málaflökkinn frá ríkinu. Krafa um það þurfi að byggja á að gripið hafi verið til allra mögulegra ráðstafana og farið að ábendingum. **Gísli Halldór Halldórsson** fær orðið og vill taka fram að gagnrýni á skýrslu R3 eigi fullkomlega rétt á sér. Það komi t.d. ekki fram í skýrslunni hvað hægt sé að spara mikið heima fyrir og hvað vanti mikið upp á framlög ríkis.

Guðrún Stella Gissurardóttir tók til máls og beinir spurningu til Sifjar Huldar, hvað stjórn BsVest hafi gert til að reyna að tryggja rekstur Vesturaflls. **Pétur Markan** fékk orðið og taldi umræður dagsins gagnlegar. Hann taldi að fara eigi þannig með aukaframlög sveitarfélaga að skuld myndist við sveitarfélögin í ársreikningi. Stóra spurningin sé hvernig hægt sé að stilla málaflökknum þannig upp að ríkisvaldið auki framlög, að það sjái að sveitarfélögin geta ekki gert meira. Varðandi Vesturafll vill hann taka fram að vilji allra sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum sé að sú góða starfsemi verði rekin áfram, en þeir sé margir efins um að verkefnið eigi heima innan BsVest þó tryggja þurfi starfsemi þess til frambúðar. Hann telur viðkomandi sveitarfélög geta axlað þá ábyrgð. **Sif Huld Albertsdóttir** tók næst til máls vegna spurningar Guðrúnar Stellu, og benti á að framkvæmdastjórar Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar sitja í stjórn BsVest. Hún sagði að fundur hefði verið haldinn með sveitarfélögum og stjórn Vesturaflls þar sem hún situr sem formaður stjórnar. Beðið sé eftir svörum sveitarfélaganna, en ekki sé búíð að tryggja reksturinn. **Pétur Markan** tók næst til máls og sagði að Súðavíkurhreppur myndi taka þátt í starfseminni.

Fundarstjóri lokaði nú mælendaskrá og bar upp ársskýrsluna upp. Var hún samþykkt samhljóða.

2. Afgreiðsla ársreiknings síðasta árs og skýrsla endurskoðenda byggðasamlagsins

Fundarstjóri gaf Aðalsteini Óskarssyni framkvæmdastjóra BsVest orðið og kynnti hann ársreikning og skýrslu endurskoðenda. Ársreikningur 2015 sem lagður er fyrir fundinn liggur fyrir í gögnum fundarins og hafði áður sendur sveitarfélögum, auk þess að vera aðgengilegur á vef Byggðasamlagsins www.vestfiridir.is. Rekstrarniðurstaða samkvæmt reikningum sýnir 22,7 millj. í hagnað, en það byggist á aukaframlögum sveitarfélaga að upphæð tæp 71,5 millj. Skuld við Jöfnunarsjóð vegna ársins 2014 er tæp 29,2 millj.

Framkvæmdastjóri sagðist hafa mótttekið lögfræðialit frá Indriða Indriðasyni Tálknafjarðarhreppi og baðst afsökunar á að hafa reiknað dráttarvexti á viðbótarframlag sveitarfélagsins á árinu 2015. Þar hafi ekki verið staðið rétt að málum og yrði leiðrétt. Hann benti á að undir liðnum aðkeypt þjónusta að upphæð 7.210.000,- væri framlag til Vesturafns að upphæð 5,8 millj. og síðan kostnaður vegna ráðgjafar R3. Vísaði hann síðan ársreikningi til ársfundar og óskaði staðfestingar hans.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá. **Indriði Indriðason** tók til máls og segir afsökunarbeiðni Aðalsteins tekna til greina. Hann leggur fram þá tillögu að afgreiðslu ársreiknings sé frestað, hann vilji að þar verði sett fram viðskiptaskuld samlagsins við sveitarfélögin vegna viðbótarframlaga og raunverulegt tap komi fram. Slíkur ársreikningur væri öflugra vopn í viðræðum við ríkisvaldið. Leggur til að ársreikningi verði breytt og afgreiðslu hans frestað. **Pétur Markan** tók til máls og óskaði eftir álit framkvæmdastjóra BsVest, vegna tillögu Indriða. **Aðalsteinn Óskarsson** tók til máls og segir að hann hafi ráðfært sig við endurskoðendur og sú leið sem Indriði legði til væri fær ef það væri vilji ársfundar.

Frekari umræðu og afgreiðslu á ársreikningi 2015 var þá frestað þar til síðar á fundinum.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár

Þá var tekið fyrir þriðja dagskrármál og gaf fundarstjóri Aðalsteini Óskarssyni og Sif Huld Albertsdóttur orðið um endurskoðun á fjárhagsáætlun starfsársins 2016 og fjárhagsáætlun 2017. Áætlun fyrir árið 2016 var samþykkt á aukapingi í nóvember 2015, en niðurstaða Jöfnunarsjóðs um framlög kemur ekki í ljós fyrr en í haust. Stjórn lagði þrjár mismunandi tillögur um niðurskurð á kostnaði við rekstur Byggðasamlagsins fyrir ársfundinn, en tekið fram að verkefnahópur BsVest teldi að ekki væri svigrúm til að ráðast í frekari niðurskurð en kominn væri fram nú þegar. Fyrsta tillaga gerði ráð fyrir 16% niðurskurði frá áætlun sem samþykkt var á haustþingi 2015, önnur tillaga um 6% niðurskurð og þriðja tillaga um 10% niðurskurð. Sjá nánar um þessar tillögur á vef Byggðasamlagsins á www.vestfiridir.is. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 lægi hins vegar ekki fyrir, ekki væru forsendur til að gera hana vegna skorts á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði og svörum frá ráðuneyti.

Fundarstjóri gaf þá orðið laust. **Gísli Halldór Halldórsson** tók til máls og sagði að á stjórnarfundum hefði verið rætt að leggja fyrir sveitarfélögin þessar tölur til að sýna hvaða árangri þyrfti að ná. Hann taldi að styðjast ætti áfram við fjárhagsáætlun frá nóvember síðastliðnum fyrir árið 2016, en ekki að samþykkja breytingartillögu nú. **Friðbjörg Matthíasdóttir** tók til máls og sagði að fjárhagsáætlun 2016 hefði verið samþykkt með fyrirvara um framlög ríkisins. Hún lagði til að fylgt verði tillögu 2 um 6% rekstrarhagræðingu í endurskoðaðri áætlun. Varðandi Vesturafl leggur Friðbjörg til að fjárhagsáætlun gildi, en ekki verði um að ræða framlag frá BsVest frá 1. jan. 2017. **Indriði Indriðason** tók til máls og sagðist ekki geta samþykkt áætlun, þar sem gert sé ráð fyrir framlagi til Vesturafls og las með leyfi fundarstjóra úr lögfræðialiti sem hann hafði aflað sér. Hlutverk byggðasamlagsins sé afmarkað og ekki sé heimild til að bæta við verkefnum sem ekki séu skilgreind í samþykktum við stofnun þess. **Aðalsteinn Óskarsson** tók til máls og minnti á tillögu frá stjórn BsVest sem þurfi að ræða, þar sem því er beint til þriggja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum að taka að sér framlög rekstur Vesturafls. **Arna Lára Jónsdóttir** tók til máls og benti á að framlag til starfsemi Vesturafls á árinu 2016 hefði verið samþykkt á haustþingi 2015 og að því verði að miða við 1. janúar 2017. **Pétur Markan** tók til máls og telur að hægt sé að samþykkja tillögu stjórnar og miða við árslok 2016. **Guðrún Stella Gissurardóttir** bað um orðið og segir að skjólstæðingar Vesturafls eigi vissulega við örorku og fötlun að stríða og óskar eftir að framlög verði óbreytt út þetta ár. **Indriði Indriðason** tekur til máls og bendir á að BsVest eigi í erfiðum viðræðum við hið opinbera og því megi gagnrýniverð útgjöld ekki vera inni í rekstrinum, til starfsemi sem eigi ekki heima innan þessa ramma. Hann leggur til að skoðað verði hvernig tryggja megi starfsemi Vesturafls árið 2016 á öðrum vettvangi. **Arna Lára Jónsdóttir** tók næst til máls. Hún minnr á að rekstur Vesturafls sé arfleifð frá ríkinu, þannig að ekkert sé athugavert að taka þann rekstur meðferðis í viðræður við Jöfnunarsjóð og ráðuneyti. Leggst hún gegn tillögu Indriða um að taka framlag til Vesturafls út úr áætlun.

Var þá fyrst tekin fyrir svohljóðandi tillaga Indriða Indriðasonar:

„Ársfundur Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks haldinn 4. maí á Ísafirði samþykkir að framlag til Vesturafls verði ekki með í fjárhagsáætlun BsVest fyrir árið 2016, heldur verði leitað leiða að styðja við verkefnið af sveitarfélögum sem eiga aðild að BsVest út árið 2016.“

Var síðan gengið til atkvæða um tillögu Indriða og greiddu fulltrúar Tálknafjarðarhrepps og Kaldrananeshrepps atkvæði með henni, en fulltrúar Ísafjarðarbæjar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Súðavíkurbæjar, Vesturbyggðar og Bolungarvíkurkaupstaðar á móti. Var tillagan því felld.

Var þá borin upp svohljóðandi tillaga að ályktun með greinargerð frá stjórn BsVest:

„Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) beinir til ársfundar BsVest sem haldinn er miðvikudaginn 4. maí 2016 á Ísafirði eftirfarandi ályktun. Ályktun var samþykkt samhljóða á stjórnarfundum 28. apríl sl., en einn stjórnarmaður sat hjá.“

Ályktun:

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks beinir til Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps að taka yfir skuldbindingu BsVest gagnvart Vesturafli geðræktarmiðstöð ses á árinu 2016, en þó eigi síðar en þann 1. janúar 2017.

Greinargerð:

Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélög á Vestfjörðum yfir þjónustu við fatlað fólk frá stofnun ríkisins, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum. Einn hluti af fjármagni Svæðisskrifstofunnar af fjárlögum, varðaði sértækt verkefni um þjónustu við geðfatlaða sem staðið hafði frá árinu 2007 í samstarfi Rauða krossins og sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum og tók BsVest við þeirri skuldbindingu.

Því hefur BsVest frá árinu 2011 greitt inn til Vesturafls um 5,8 mkr, fyrst í gegnum Ísafjarðarbæ frá 2011-2013, en eftir 2013 hefur verið greitt beint frá BsVest inn til Vesturafls. Rauði krossinn gekk úr samstarfinu á árinu 2012. Fyrirkomulagi þessu var haldið á meðan svokallað reynslutímabil var í gangi um yfirtöku málaflokksins til sveitarfélaga af hendi ríkisins. Var það gert á grundvelli uppruna fjárveitingarinnar, þó að þjónustubegar Vesturafls, samkvæmt reglugerð, féllu þá þegar utan hinna skilgreindu þjónustustiga fyrir fatlað fólk. Reynslutímabilið átti að standa til loka árs 2013 en var framlengt til ársloka 2014.

Árið 2015 var unnið að endanlegum samningi um málaflokkinn milli ríkis og sveitarfélaga. Leitaði BsVest þá álits Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hvort framangreind skuldbinding félli þar undir og var því hafnað að hálfu sjóðsins. Bent var á að með endanlegu samkomulagi féllu niður sértækar fjárveitingar. Sveitarfélögin hefðu með skilgreindum tekjustofnum fjármagn til að veita þjónustu sem skilgreind væri í lögum og reglugerðum þar tengdum. BsVest er því skylt að veita fjármagni af þessum tekjustofnum forgang til lögbundinna verkefna, áður en tekið yrði til að veita fjármagni til ólögbundina verkefna. Hafa ber þetta í huga í ljósi mikils halla á rekstri BsVest frá og með árinu 2014.

Sveitarfélögin hafa hinsvegar verulegt sjálfstæði á grunni 9. gr laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992 með áorðnum breytingum þeirra að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella þær niður, eða sem segir: „Sveitarfélagi eða sveitarfélögum sem starfa saman á þjónustusvæði er heimilt að bæta við þjónustustofnunum, sameina þær eða fella niður starfsemi þeirra.“

Enginn notenda þjónusta Vesturafls er með SIS-mat og því fellur starfsemi Vesturafls í dag, ekki undir lögbundna þjónustu sem BsVest ætti að koma að. Ekki er efast um mikilvægi þjónustu Vesturafls en þar yrði að leita annarra leiða sem m.a. væri studd beint af ríkinu. Í skýrslu R3-Ráðgjafar fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í tengslum við endurmat í málefnum fatlaðs fólks á árinu 2015, eru dæmi um að ríkið styðji við

starfsemi af þessu tagi með milligöngu Vinnumálastofnunar undir formerkjum starfsendurhæfingar. Í því sambandi er nefnt að Vinnumálastofnun hafi gert þjónustusamninga við Geysi og Hlutverkasetur í Reykjavík, Strók á Selfossi og Grófina á Akureyri en allir þessir staðir þjónusta einkum fólk með geðröskun. Í öllum tilfellum koma sveitarfélög að þessum verkefnum með beinum eða óbeinum hætti í samstarfi við fyrirtæki, stéttarfélög og einstaklinga.

Aukapung BsVest þann 4. nóvember 2015, samþykkti fjárhagsáætlun á árinu 2016 þar sem beint er 5,8 mkr til starfsemi Vesturafis ses. Með vísan til að BsVest er skylt að veita forgangi fjármagni til lögbundinnar þjónustu á þess vegum og í ljósi viðvarandi halla á rekstri BsVest er því beint til ársfundar BsVest að endurskoða þessa ákvörðun.“

Var síðan gengið til atkvæða um tillögu stjórnar og greiddu fulltrúar Ísafjarðarbæjar, Reykhólahrepps, Strandabyggðar, Súðavíkurrepps, Vesturbyggðar og Bolungarvíkurkaupstaðar atkvæði með henni, en fulltrúar Tálknafjarðarhrepps og Kaldrananeshrepps sátu hjá. Var tillagan því samþykkt.

Var þá tekin fyrir svohljóðandi tillaga frá Friðbjörgu Matthíasdóttur um að miða við 6% niðurskurð við endurskoðun á fjárhagsáætlun 2016:

„Aðalfundur byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum (BsVest) haldinn á Ísafirði 4. maí 2016 samþykkir að farið verði eftir niðurskurðartillögu 2 frá stjórn BsVest um endurskoðaða fjárhagsáætlun, þar sem gerð er 6% hagræðingarkrafa til sveitarfélaganna á starfsvæði BsVest.“

Tillagan var samþykkt samhljóða og endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 samþykkt með þeim breytingum. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 verður aðgengileg á vef Byggðasamlagsins á www.vestfirdir.is.

4. Starfsáætlun komandi árs

Fundarstjóri kynnti að Sif Huld Albertsdóttir sviðstjóri hefði undir lið 1 kynnt starfsáætlun og verkefni framundan. Óskaði hún eftir umræðu um þá starfsáætlun, en enginn kvaddi sér hljóðs. Var starfsáætlun komandi árs í ársskýrslu borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða. Ársskýrsla og glærur frá kynningu sviðstjóra eru aðgengilegar á vef Byggðasamlagsins á slóðinni www.vestfirdir.is.

5. Kosning fimm aðalmanna og fimm varamanna til stjórnar byggðasamlagsins til tveggja ára í samræmi við 5. grein samþykta.

Þessum lið fundarins var í upphafi fundar frestað þar til eftir Fjórðungsþing Vestfirðinga sem haldið er sama dag, að tillögu fundarstjóra.

6. Laun og þóknun stjórnar

Stjórnartillaga um breytingar á launum og þóknun stjórnar liggur fyrir fundinum. Fundarstjóri gaf Aðalsteini Óskarssyni orðið og kynnti hann tillöguna sem er svohljóðandi:

Ársfundur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest), haldinn 4. maí 2016 í Bryggjusal, Edinborgarhússins á Ísafirði leggur fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda

Forsendur;

Laun stjórnar og nefnda BsVest miðast við hlutfall af þingfarakaupi, sem er í dag kr 712.030,.

- Greitt er fyrir hvern setinn fund.
 - Laun formanns BsVest í dag eru 8% eða kr. 56.962,-
 - Laun stjórnarmanns BsVest í dag eru 4% eða kr. 28.481,-
 - Laun formanna fastanefnda og starfshópum eru 4% eða kr. 28.481,-.
 - Laun nefndarmanna í fastanefndum og starfshópum eru 2% eða kr. 14.241,-

Fæðis- og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni.

Tillaga um laun og þóknun stjórnar og nefnda.

Greitt er fyrir hvern setinn fund stjórn, nefnd eða starfshópi og miðast við hlutfall af þingfarakaupi hverju sinni, sem hér segir.

- Laun formanns BsVest verði 16 % eða kr. 113.925,-
- Laun stjórnarmanns BsVest verði 8 % eða kr. 56.926,-
- Greitt skal 2% eða kr. 14.241,- af þingfarakaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins.
- Laun formanna fastanefnda og starfshópa verði 8% eða kr. 56.926,- fyrir hvern setinn fund
- Laun nefndarmanna fastanefnda og starfshópa verði 4% eða kr. 28.481,- fyrir hvern setinn fund

Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnar eða nefndarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af BsVest.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar. **Guðrún Stella Gissurardóttir** tók til máls og spyr um fjölda funda og umfang starfsins. Hún segir það skjóta skökku við að gerð sé tillaga um verulega hækkun á þóknun stjórnar á niðurskurðartímum þar sem verið sé að leggja framlög til Vesturafls niður og skera niður þjónustu BsVest. **Aðalsteinn Óskarsson** svarar að

fjöldi funda stjórnar hafi verið um 6 á ári. Kostnaðargreining sýni að þessi breyting kosti um milljón á ári með launatengdum gjöldum, miðað við óbreyttan fundafjölda. **Friðbjörg Matthíasdóttir** tók til máls og telur skynsamlegt að bætt sé við laun og þóknun stjórnarmanna, gert sé ráð fyrir miklu vinnuframlagi þeirra í þágu málaflokksins.

Tillagan var þá borin upp og samþykkt með einu mótatkvæði Guðrúnar Stellu Gissurardóttur.

7. Kosning endurskoðanda og endurskoðendafyrirtækis

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðnum væri frestað þar til síðar á fundinum.

8. Umfjöllun um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins ef tillaga um það hefur komið fram með löglegum fyrirvara

Ekki höfðu komið fram tillögur um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins.

9. Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Aðalsteinn Óskarsson tók til máls og benti á að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár 2017 hefði átt að vera meðal þeirra gagna sem kynna átti undir 3. lið fundarins. Slík áætlun liggi ekki fyrir, vinna við hana sé í gangi, en forsendur vanti til að ljúka gerð hennar. Aðalsteinn leggur til að afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2017 sem átti að vera undir 3. lið verði frestað og stjórn BsVest falið að kalla saman aukaaðalfund þegar forsendur liggi fyrir. Enginn tók til máls við tillögu Aðalsteins og telst tillagan því samþykkt án frekari umræðu.

Fundarstjóri frestaði nú ársfundi BsVest fram yfir Fjórðungsping Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Fundi frestað kl. 12:40.

Fundi framhaldið kl. 15:22.

Fundarstjóri kynnti að þremur dagskrárliðum hefði verið frestað og voru þeir nú teknir fyrir.

Afgreiðsla ársreiknings 2015

Guðmundur Kjartansson endurskoðandi mætti nú til fundarins og ræddi tillögu um breytingu á uppstillingu ársreiknings. Hann benti á mögulegt væri að breyta reikninum með þessum hætti og að áhrifin yrðu þau að í stað hagnaðar kæmi fram mikið tap af rekstri eða um 50 millj. Einnig væri mögulegt að afgreiða reikninginn óbreyttan með bókun um viðbótarframlög sveitarfélaganna til að draga þau betur fram. Hér skipti máli hvernig sveitarfélögin hugsuðu framlögin, hvort þau reiknuðu með að þau yrðu endurgreidd ef leiðrétting fengist eða hvort þau hefðu verið færð sem útgjöld hjá þeim. Nokkrar umræður og fyrirspurnir urðu til Guðmundar. Til máls tóku auk Guðmundar Kjartanssonar, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Indriði Indriðason, Karl Kristjánsson, Gísli Halldór Halldórsson og Friðbjörg Matthíasdóttir.

Var þá tillaga Indriða Indriðasonar um að samþykkja breytingu á framsetningu ársreiknings þannig að viðbótarframlög sveitarfélaga væru færð sem skuld byggðasamlagsins við sveitarfélögin í ársreikningum og hann samþykktur með þeim hætti borin upp.

Var tillagan samþykkt samhljóða og ársreikningur 2015 borinn upp með áorðnum breytingum og samþykktur. Verður hann sendur sveitarfélögum með samþykktum breytingum og aðgengilegur á vef Byggðasamlagsins www.vestfiridir.is.

Kosning stjórnar

Fundarstjóri kynnti þá eftirfarandi tillögu um stjórnarkjör BsVest, en Elías Jónatansson Bolungarvíkurkaupstað og Friðbjörg Matthíasdóttir fráfarandi stjórnarformaður Fjórðungssambandsins víkja úr stjórn:

Aðalmenn í stjórn:

Pétur Markan Súðavíkurhreppi, formaður Fjórðungssambandsins, Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ, Ingibjörg Birna Erlingsdóttir Reykhólahreppi, Indriði Indriðason Tálknafjarðarhreppi og Andrea Kr. Jónsdóttir Strandabyggð.

Varamenn í stjórn:

Daníel Jakobsson Ísafjarðarbæ, Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ, Baldur Smári Einarsson Bolungarvíkurkaupstað, Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð og Ingibjörg Benediktsdóttir Strandabyggð.

Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

Kosning endurskoðanda

Þá var tekin fyrir tillaga um endurskoðanda, en stjórn lagði til að endurskoðandafyrirtæki yrði kjörið Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Var sú tillaga samþykkt samhljóða.

Þá var dagskrá tæmd fundarstjóri óskaði eftir að fundurinn heimilaði fundarstjóra og riturum að ganga frá fundargerð. Tillagan samþykkt. Fundarstjóri sleit síðan ársfundi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks slitið kl. 15:50.

Arna Lára Jónsdóttir, fundarstjóri

Jón Jónsson, ritari

Lína Björg Tryggvadóttir, ritari